

## Fundargerð hluthafafundar Kviku banka hf.

Þann 18. desember 2018, kl. 16:30, var hluthafafundur Kviku banka hf., kt. 540502-2930 (hér eftir nefnt „félagið“), haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 105 Reykjavík.

Stjórnarformaður félagsins, Kristín Pétursdóttir, setti fundinn og gerði tillögu um að Pétur Guðmundarson lögmaður yrði fundarstjóri. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og gerði tillögu um Lilju Jensen lögmann sem fundarritara. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri lýsti því yfir að stjórn félagsins hafi boðað til fundarins með þeim hætti sem lög og samþykktir félagsins gera ráð fyrir. Hlutaskrá félagsins lá fyrir á fundinum og samkvæmt henni var mætt fyrir 56,77% hluthafa, annað hvort hluthafar sjálfir eða umboðsmenn þeirra. Hluthafar gerðu ekki athugasemd við boðun fundarins eða lögsmæti hans að öðru leyti. Úrskurðaði fundarstjóri fundinn lögsmætan til að afgreiða þau málefni sem á dagskrá hans voru.

Á dagskrá fundarins voru eftirfarandi mál:

- 1) Kaup á öllu hlutafé í GAMMA Capital Management hf.
- 2) Breytingar á ákvæði gr. 4.11 í samþykktum félagsins.
- 3) Ákvörðun þóknunar til nefndarmanna í undirnefnd stjórnar.
- 4) Önnur mál.

Tillögur stjórnar lágu frammi á fundinum og höfðu verið birtar með fundarboði. Jafnframt lágu frammi samþykktir félagsins þar sem tillagðar breytingar höfðu verið færðar inn og voru sjáanlegar.

Var þá gengið til boðaðrar dagskrár:

### 1. Tillaga um kaup á öllu hlutafé í GAMMA Capital Management hf.

Fundarstjóri varpaði tillögu stjórnar um kaup á öllu hlutafé í GAMMA Capital Management hf. upp á skjá til yfirferðar. Tillaga stjórnar er orðrétt:

*„Hluthafafundur í Kviku banka hf., haldinn þann 18. desember 2018, samþykkir að Kvika banki hf. kaupi allt hlutafé í GAMMA Capital Management hf., með þeim skilmálum sem fram koma í tilkynningu félagsins um kaupsamning, sem birt var 19. nóvember 2018 í fréttakerfi Nasdaq Iceland. Samþykki hluthafafundar er með fyrirvara um tilskilin samþykki eftirlitsaðila.“*

Áður en tillagan var borin undir atkvæði bauð fundarstjóri Ármann Þorvaldsson, forstjóra félagsins, velkominn í pontu til að kynna tillöguna nánar. Ármann fór yfir kynningu þar að lútandi en kynningin var jafnframt birt opinberlega í fréttakerfi Nasdaq Iceland.

Að kynningu forstjóra lokinni bar Vilhjálmur Þorsteinsson, sem mættur var fyrir hluthafann Miðeind ehf., upp fyrirspurn varðandi kaup á dótturfélögum o.fl. sem forstjóri félagsins svaraði.

Að svo búnu tók fundarstjóri aftur við stjórn fundarins og gaf orðið laust um tillöguna. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana með öllum greiddum atkvæðum sem farið var með á fundinum.

Fundarstjóri úrskurðaði því að tillagan væri samþykkt með nægilegum meirihluta.

### 2. Breytingar á samþykktum

Fundarstjóri varpaði því næst tillögu stjórnar um breytingu á samþykktum félagsins upp á skjá til yfirferðar.

Tillaga stjórnar er að ákvæði gr. 4.11 í samþykktum félagsins taki breytingum og verði eftirleiðis svohljóðandi:

*„4.11. Stjórn skal skipa félaginu áhættunefnd, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd, eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Hver nefnd skal skipuð að lágmarki þremur einstaklingum, þar aftveimur stjórnarmönnum félagsins hið minnsta. Starfsmenn félagsins skulu ekki eiga sæti í undirnefndum stjórnar. Nefndarmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að sinna þeim hlutverkum sem undirnefndum stjórnar ber að sinna samkvæmt gildandi lögum og reglum. Hver nefnd skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar og skulu þær staðfestar af stjórn.“*

Áður en tillagan var borin undir atkvæði bauð fundarstjóri Kristínu Pétursdóttur, stjórnarformann félagsins, velkomna í pontu til að kynna tillöguna.

Stjórnarformaður kom í pontu og gerði grein fyrir tillögu stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins. Jafnframt fjallaði stjórnarformaður um tillögu stjórnar um þóknun undirnefnda, sbr. dagskrárlíð 3.

Fundarstjóri tók í kjölfarið aftur við stjórn fundarins og gaf orðið laust um tillöguna. Enginn tók til máls.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna upp til atkvæða. Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum sem farið var með á fundinum.

Fundarstjóri úrskurðaði að tillagan væri samþykkt með tilskyldum meirihluta atkvæða.

### **3. Þóknanir nefndarmanna undirnefnda stjórnar**

Fundarstjóri varpaði tillögu stjórnar um þóknanir nefndarmanna í undirnefndum upp á skjá til yfirferðar. Tillagan er svohljóðandi:

*„Hluthafafundur í Kviku banka hf., haldinn þann 18. desember 2018, samþykkir að þóknun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar verði með þeim hætti að formaður hverrar undirnefndar skuli fá greiddar kr. 200.000,- kr. á mánuði fyrir störf sín en aðrir nefndarmenn kr. 150.000,- á mánuði.*

*Jafnframt samþykkir hluthafafundur að núverandi nefndarmönnum, sem ekki hafa fengið greidda þóknun fyrir störf sín á þessu starfsári, verði greidd þóknun afturvirkkt í samræmi við framangreinda tillögu, fyrir þá vinnu sem þeir hafa innt af hendi frá aðalfundi félagsins þann 21. mars 2018.“*

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði hluthafa. Tillagan var samþykkt samhljóða.

### **4. Önnur mál**

Engar frekari tillögur lágu fyrir fundinum og gaf fundarstjóri orðið laust.


Enginn kvaddi sér hljóðs.


### **FUNDARGERÐ OG FUNDARSLIT**

Fundargerðin var gerð lesin upp í lok fundar.

Engar athugasemdir bárust.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 17:15.

  
Fundarstjóri

  
Fundarritari